

Heiti verkefnis: „Það geta allir verið góðjöss“

Styrkþegar: Félagsmiðstöðin Elítan og Álfthanesskóli

Verkefnisstjóri: Sigríður E. Ragnarsdóttir forstöðumaður Elítunnar

Samstarfsaðili: Kristín Helgadóttir náms- og starfsráðgjafi elsta stigs

Stuðningsfulltrúar: Bergþór Bjarki Guðmundsson og Bjarni Dagur Karlsson

Markmið verkefnis samkvæmt umsókn

Sértækt hópastarf sem hefur það markmið að skapa vettvang fyrir nemendur til að auka félagslega virkni þeirra og hvetja þá til að koma með hugmyndir að tómstundastarfi sem höfðar til þeirra. Vinna að því að styrkja sjálfsmynd þátttakenda, efla samskipta- og félagsfærni, stuðla að heilbrigðum lífsháttum eða vinna gegn óæskilegu hegðunarmynstri Gefa þeim tækifæri til að vera hluti af hópi og virkja þáttökugleði þeirra. Skapa jákvætt viðmót því viðurkenning, styðjandi umhverfi og hvatning stuðlar að heilbrigðri og sterkri sjálfsmynd.

Leiðir sem farnar voru til að ná markmiðum þ.e. framkvæmd, tímaplan og umfang verkefnis

Ákveðið var að vinna með hópa með 12-15 nemendum sem á einhvern hátt þurftu hvatningu. Í boði var fyrir aðra nemendur að bætast í hópinn þegar leið á. Tveir fullorðnir voru með hverju sinni; forstöðumaður félagsmiðstöðvarinnar og stuðningsfulltrúi.

Forstöðumaður Elítunnar, námsráðgjafi á elsta stigi og umsjónarkennarar á elsta stigi komu með tillögur að samsetningu hópanna sem skipt var í eftir árgöngum. Nemendur máttu einnig koma með sitt álit og tillögur að stækkun hópanna. Tímar dagstarfsins voru opnir á þann hátt að hver nemandi mætti þegar honum hentaði best.

Forstöðumaður og námsráðgjafi hringdu í foreldra, skýrðu tillgang verkefnisins og markmið þess og buðu börnum þeirra að vera með. Einnig voru sendir tölvupóstar yfir veturinn.

Forstöðumaður Elítunnar stofnaði facebook-hópa í hverjum árgangi. Stofnað var til „spjalls“ innan hvers hóps og var þá auðveldara að ná til nemendanna og eins tengdust þeir innbyrðis í gegnum spjallið.

Viðfangsefni hvers hóps fyrir sig var á forsendum þeirra sem tóku þátt og var hugstormun notuð reglulega þar sem nemendur komu fram með sínar hugmyndir.

Sem dæmi um viðfangsefni má nefna; hópeflisleiki, spil, föndur, spjall/umræður, bakstur, vettvangsferðir (strætóferð, Litla Björk, ísferð, kaffihúsaferð), bakkelsisfundi, vídeó og tölvuleiki. Reynt var að hafa starfið sem fjölbreyttast og að það fæli í sér bæði fræðslu, forvarnir og skemmtun.

Hindranir og frávik frá upphaflegri áætlun

Mat þeirra sem stóðu að verkefninu, er að hindranir hafi verið fáar og yfirstíganlegar. Þar má nefna að til að byrja með var foreldrum nemenda sem ekki var boðið í starfið og börnum þeirra ekki kynnt þetta sérverkefni en það kom í ljós að þörf var á að gefa skýringar, ef eftir því var leitað. Eina frávikið frá upphaflegri áætlun var að minni fræðsla fékkst í starfið en efniskostnaður jókst, þar sem áhugi nemendanna réð ferðinni hvað yrði gert og hvernig.

Mat á verkefninu

Mat þeirra sem stóðu að verkefninu er að þetta sé komið til að vera. Könnun sem lögð var fyrir nemendur sýndi glögglega að þeir sem tóku þátt fundu mun á sjálfsöryggi sínu og fengu meiri tilfinningu fyrir því að tilheyra hóp.

Flestir sögðust finna jákvæðar breytingar á sér eftir veturinn og fleiri töluðu um að sjálfstraust þeirra væri meira eftir starfið.

Í byrjun verkefnisins var lagt af stað með ákveðnar hugmyndir, markmið og leiðir til að styðja og styrkja ákveðinn hóp nemenda í Álftanesskóla. Komið hefur í ljós að þeir nemendur sem tóku þátt í starfinu og foreldrar þeirra eru mjög sáttir með hópastarfið, finnst það þarft og vilja gjarnan að því verði fram haldið. Þegar dagstarfinu var fram haldið næsta skólaár, komu nemendur af eigin hvötum og óskuðu eftir að vera áfram með. Vegferðin hefur verið einkar ánægjuleg og margir sigrar, stórir sem smáir unnist á leiðinni. Það er von okkar að þróunarverkefnið „Það geta allir verið gordjöss“ haldi áfram að vaxa og dafna á komandi skólaári.

Ráðstöfun styrks þ.e:

Heildarupphæð styrks 850.000 kr.

Laun	180.000
Laun aðstoðarmanns	567.338
Aðkeypt ráðgjöf og fræðsla	44.700
Gögn og ýmislegt	57962

Afrakstur, ávinningur fyrir skólastarf og kynning

Glaðari og sjálfsöruggari nemendur sem ganga skrefi lengra en þeir þora. Bætt líðan nemenda sem skilar sér svo inn í skólastarfið í heild sinni.

Úrræði fyrir skólann fyrir nemendur sem standa höllum fæti félagslega eða af öðrum ástæðum sem hefur svo áhrif á skólagöngu þeirra. Þarna er vin í eyðimörkinni fyrir þessa nemendur og sú vin stækkar eftir því sem sjálfstraust vex

Samstarf allra aðila innan skólans eflist þ.e. félagsmiðstöðvar, námsráðgjafa, kennara, stjórnenda og ungmennafélags þannig að allir vinna saman að sama markmiði sem er bætt líðan og virkni.

Í lok skólaárs var sú ákvörðun tekin að hætta aðeins fyrr með hópastarfið í 10. bekk og bjóða nemendum úr 7. bekk að nýta þeirra tíma. Hringt var sem fyrr í foreldra nemendanna, þeim boðinn þessi valkostur sem var þeginn með þökkum af báðum aðilum.